



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og 1272/2008

Útgáfa: 6.1

Dags.: 13. mars 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

- 1.1. Vörukenni** **METANÓL**
- 1.2. Tilgreind notkun** Á rannsóknarstofum. Í efnasmíði.
- 1.3. Söluaðili** Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 515 1000
Netfang: olis@olis.is
Veffang: www.olis.is
- 1.4. Neyðarsímanúmer**
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

- 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar**
CLP-FLOKKUN Eldf. vökvi 2; H225
Bráð eit. 3; H301, H311, H331
STOT SE 1; H370

2.2. Merkingaratriði Hættumerki



- Viðvörðunarorð** Hætta
- Hættusetningar (CLP)** H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa.
H301 – Eitrað við inntöku.
H311 – Eitrað í snertingu við húð.
H331 – Eitrað við innöndun.
H370 – Skaðar líffæri.
- Varnaðarsetningar (CLP)** P210 – Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P260 – Andið ekki að ykkur reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P280 – Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað.
P301+P310 – EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
- 2.3. Aðrar hættur**
PPT/vPvB-mat Efnið er hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Efni

Efnispáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Metanól	CAS#: 111-15-9 EINECS#: 203-839-2	<=100	Eldf. vökvi 3; H226 Bráð eit. 4; H301, H311, H331 STOT SE 1; H370

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIhjÁLP

- 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi**
- Eftir innöndun** Færið viðkomandi í ferskt loft. Ef viðkomandi andar ekki, beitið blástursaðferð. Leitið lækni.
- Eftir snertingu við augu** Skolið með vatni til öryggis.
- Eftir snertingu við húð** Þvoið húðina með sápu og miklu vatni. Leitið lækni.

Eftir inntöku Ekki framkalla uppköst. Aldrei gefa meðvitundarlausum neitt um munn. Skolið munninn með vatni. Leitið lækni.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni og áhrif Engin gögn.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Engin gögn.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Alkóhólþolin froða, vatnsúði, slökkviduft, koltvísýringur.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Hætta Kolefnisoxíð.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Ráðgjöf Slökkviliðsmenn skulu nota ferskloftstæki. Kælið ílát með vatnsúða.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Rýmið nærliggjandi svæði. Fjarlægjið íkveikjugjafa. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólk frá. Notið persónuhlífar. Varist innöndun gufu og úða. Fjarlægjið íkveikjugjafa. Varist snertingu við húð og augu. Gufur geta safnast fyrir í lægðum og valdið sprengihættu.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Varist dreifingu leka og að hann berist í niðurföll, yfirborðs- eða grunnvatn.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni Komið í veg fyrir frekari leka. Safnið upp með dælu og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Varist snertingu við húð og augu. Forðist innöndun gufu eða úða. Haldið fjarri íkveikjugjöfum. Reykingar bannaðar. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnni.

Hreinlæti Ekki matast, drekka eða reykja við meðhöndlun. Þvoið hendur fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla Geymið í luktum umbúðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað. Ílát sem hafa verið opnuð skal lokað vandlega aftur og þau geymd í uppréttri stöðu til að hindra leka.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Engar upplýsingar.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

DNEL

Hópur	Íkomuleið	Váhrif	Gildi
Starfsmaður	Húð	Langvinn, altæk	40 mg/kg líkamsþ./dag
Neytandi	Húð	Langvinn, altæk	8 mg/kg líkamsþ./dag
Neytandi	Inntaka	Langvinn, altæk	8 mg/kg líkamsþ./dag
Starfsmaður	Húð	Bráð, altæk	40 mg/kg líkamsþ./dag
Neytandi	Húð	Bráð, altæk	8 mg/kg líkamsþ./dag
Neytandi	Inntaka	Bráð, altæk	8 mg/líkamsþ./dag
Starfsmaður	Innöndun	Bráð, altæk	260 mg/m ³
Starfsmaður	Innöndun	Bráð, staðbundin	260 mg/m ³
Starfsmaður	Innöndun	Langvinn, altæk	260 mg/m ³
Starfsmaður	Innöndun	Langvinn, staðbundin	260 mg/m ³
Neytandi	Innöndun	Bráð, altæk	50 mg/m ³
Neytandi	Innöndun	Bráð, staðbundin	50 mg/m ³
Neytandi	Innöndun	Langvinn, altæk	50 mg/m ³
Neytandi	Innöndun	Langvinn, staðbundin	50 mg/m ³

PNEC Jarðvegur: 23,5 mg/kg
Sjór: 15,4 mg/l
Ferskvatn: 154 mg/l
Ferskvatn, set: 570,4 mg/kg
Skólphreinsikerfi: 100 mg/kg

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Varist snertingu við húð, augu og fatnað.

Hreinlæti

Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvoið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo.

Til hlífðar augum

Notið viðurkennda andlitsgrímu og öryggisgleraugu (EN166).

Til hlífðar húð

Notið efnaþolinn hlífðarfatnað úr eldtefjandi efni. Val á hlífðarfatnaði skal byggja á eðli verks og styrk efnisins.

Til hlífðar höndum

Notið efnaþolna hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374. Rétt val hönskum fer eftir vinnuáðstæðum, eðli verks og ástandi hanskana (jafnvel efnaþolnustu hanskar slitna við endurtekna snertingu við efni).

Til hlífðar öndun

Ráðlagt (efni; þykkt; gegnþrengingartími): Bútýlgúmmí; 0,3 mm; 480 mín. Notið öndunargrímu ef loftræsting er ófullnægjandi.

Til verndar umhverfi

Gerð síu: AXBEK (EN14387)
Losið ekki í niðurföll.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Vökvi
Litur	Litarlaust; tært
Lykt	Römm
Lyktarþröskuldur	Engin gögn
pH-gildi	Engin gögn
Bræðslumark	-98°C
Suðumark	64,7°C
Blossamark	9,7°C (lokað ílát)
Uppgufunarhraði	Engin gögn
Sprengimörk	
- neðri	6% rúmm.
- efri	36% rúmm.
Gufuþrýstingur	130,3 hPa við 20°C 546,6 hPa við 50°C
Eðlisþyngd	0,791 g/ml við 25°C
Eðlisþyngd gufu	1,11
Vatnsleysni	Fullkomlega leysanlegt
Deilistuðull: n-oktanól/vatn	log Pow: -0,77
Sjálfsíkveikjuhitastig	455°C við 1,013 hPa
Sprengieiginleikar	Ekki sprengifimt
Oxunareiginleikar	Ekki flokkað með oxunarefnum
Leiðni	<1 µS/cm við 25°C

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin gögn.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Efnið er stöðugt við ráðlögð geymsluskilyrði.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Engin gögn.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Hiti, eldur, neistar og aðrir íkveikjugjafar.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Klórsýrur, oxarar, alkalímálmur, afoxunarefni, sýrur.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Brotnar ekki niður við ráðlagða notkun og geymslu.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturrif

Metanól

LD50	Inntaka, rotta	1187-2769 mg/kg
LC50	Innöndun, rotta, 4 klst.	128,2 mg/l
LC50	Húð, kanína	17100 mg/kg

Húðerting	Ekki ertandi.
Augnerting/-skaði	Ekki ertandi.
Næming	Ekki næmandi.
Stökkbreytandi áhrif	Ekki flokkað.
Krabbameinsvaldandi áhrif	Ekki flokkað.
Eiturrif á æxlun	Ekki flokkað.
Sértæk eiturrif á marklíffæri	
- váhrif í eitt skipti	Skaðar líffæri.
Ásvelgingarhætta	Ekki flokkað.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturrif

Metanól

LC50	Fiskur (<i>Iepomis macrochirus</i>), 96 klst.	15400 mg/l
EC50	Halafær (<i>daphnia magna</i>), 48 klst.	>10000 mg/l

12.2. Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Lífbrjótanleiki Niðurstaða: 72% (5 dagar) – brotnar hratt niður.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Lífþéttistuduill 1,0

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Binst ekki jarðvegi.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Losið ekki út í umhverfið.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur. Losið ekki í niðurföll.

Hættulegur úrgangur Fargið efninu og umbúðum þess sem hættulegum úrgangi í samræmi við gildandi lög og reglur.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

14.1. Alþjóðlegar reglur

UN-númer	1230
Rétt sendingarheiti	METHANOL
Hættuflokkur	3
Merkingar	3+6.1
Hættuauðkennisnúmer	336
Pökkunarhópur	II
Flokkunarkóði	FT1
Flutningsflokkur	2
Takmarkað magn	1L
Undanþegið magn	E2
Gangakóði	(D/E)

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Mat Efnaöryggismat liggur fyrir.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

CLP	H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa. H301+H311+H331 – Eitrað við inntöku, í snertingu við húð og við innöndun. H312 – Hættulegt í snertingu við húð. H370 – Skaðar líffæri.
Skammstafanir	ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. TWA: Tímavegið meðaltal. vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli. STOT RE: Sértek eiturrhif á marklíffæri, endurtekin váhrif. STOT SE: Sértek eiturrhif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti. LC50: Miðgildisbanastyrkur LD50: Miðgildisbanaskammtur

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun	13. mars 2015.
Útgáfa	6.1.
Gert þann	4. febrúar 2016.
Þýðing og uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimild	Sigma-Aldrich Chemie GmbH, eurtechserv@sial.com